



Reykjavík, 7. febrúar 2022

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál

Samtökunum Líf án ofbeldis barst, þann 26. janúar sl. frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis, til umsagnar tillaga til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál ([þingskjal 20 — 20. mál á 152. löggjafarþingi](#)).

[Líf án ofbeldis](#) fagnar fram komnu en gerir athugasemd við að í tillögunni eru embætti sýslumanna hvorki tiltekin hvað varðar fyrirhugaðar tillögur starfshóps að bættu verklagi um miðlun upplýsinga um heimilisofbeldismál á milli kerfa, né varðandi samstarfsvettvang stjórnvalda. Sýslumenn veita víðtæka þjónustu er varðar fjölskyldur og velferð og teljast *Ljónustuveitandi* í skilningi [laga um sambættingu þjónustu í þágu farsældar barna](#) sem tóku gildi 1. janúar á þessu ári. Brýnt er að þetta verði tekið til endurskoðunar í tillögunni og hlutverk sýslumanna hvað tilefnið varðar, skuli ekki látið liggja á milli hluta eða vera undanskilið með orðalagi. Svar félags- og barnamálaráðherra við fyrirspurn um barnaverndarnefndir og umgengni ([þingskjal 861 — 402. mál á 150. löggjafarþingi](#)) undirstrikar nauðsyn þess að skýra verkferla sýslumanns og samstarfsvettvang stjórnvalda sem koma að brotapolum heimilisofbeldis: „Mikilvægt er að líta til þess við endurskoðun laga um þjónustu við börn hvernig verkefni stjórnvalda kunna að skarast samkvæmt barnalögum annars vegar og barnaverndarlögum hins vegar og hvort hægt sé að einfalda stjórnsýsluna í þessum efnum og skýra betur skil milli þessara tveggja lagabálka.“

Líf án ofbeldis álitur það grundvallarforsendu þess að stjórnvöldum takist að efna skuldbindingar sínar við þolendur ofbeldis í fjölskyldum í samræmi við stjórnarskrá, stjórnarskrárvarinn rétt barna til verndar í lögum og alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist, [gagnvart börnum](#) og [þolendum kynbundins ofbeldis](#), að verkferlar og samstarfsvettvangur sýslumannsembætta og annarra hluta kerfisins sé skilgreindur með hagsmuni og vernd brotþola heimilisofbeldis að leiðarljósi. [Árið 2020 hætti lögregla rannsókn](#) á tæplega 700 af 1.100 heimilisofbeldismálum sem tilkynnt voru til hennar. Í flestum þessara mála, eða tæplega 70%, er um að ræða að maki eða fyrrverandi maki sé sakaður um að beita heimilisofbeldi. [Á fyrri helmingi ársins 2021](#) bárust Barnaverndarstofu hátt í fimm hundruð tilkynningar vegna líkamlegs ofbeldis gegn börnum. Árið 2020 dvöldu 138 konur og 110 börn í Kvennaathvarfinu um lengri eða skemmri tíma. Þolendur heimilisofbeldis eru hvarvetna hvattir til að segja frá ofbeldi og koma sér og börnum sínum úr ofbeldishættu. Hluti þeirra mála sem tilkynnt eru til lögreglu og barnaverndaryfirvalda rata örugglega inn á borð fjölskyldusviða sýslumanna sem skilnaðar-, forsjár- og umgengnismál. Vegna endurtekinnna brotalamna í stjórnsýslu barnaverndar og sýslumanns í heimilisofbeldismálum sem varða umgengni, og leiða til þess að brotþolar fá ekki þann stuðning og málsmeðferð sem þeim ber, teljum við rétt að áréttta með dæmum sérstaklega mikilvægi þess að engin vinna hefjist án þess að fjallað sé um hlutverk sýslumanns og ábyrgð gagnvart brotapolum ofbeldis.



Barn sem er þolandí í heimilisofbeldisaðstæðum nýtur þegar sérstakrar verndar í formi tilkynningaskyldu almenninga, fagaðila eða stjórnvalda og skyldu til samstarfs við barnaverndaryfirvöld á grunni [barnaverndarlaga](#) (16. - 20. gr.). Á sama hátt er sýslumanni gert að tilkynna barnavernd um aðstæður barns á grunni [barnalaga](#) (74. gr.). Þar sem tilkynningarskyldan er bundin við almenning og fagfólk eða starfsfólk stjórnssýslunnar, þarfnast hún ekki frekari útfærslu, að öðru leyti en sem nemur eftirfylgni, eftirliti með og viðurlögum við brotum á henni. Lífi án ofbeldis er hins vegar ekki kunnugt um, í neinu máli sem samtökin hafa kynnt sér, að sýslumaður hafi virt tilkynningaskyldu eða skyldu til samstarfs við barnaverndaryfirvöld vegna frásagnar barns af ofbeldi þegar sérfræðingur sýslumanns leitar álits barns, né vegna gruns um heimilisofbeldi vegna frásagnar brotaþola í sáttameðferð. Til að bæta verklag í heimilisofbeldismálum er því brýnt að tilkynningarskylda sé virt á öllum stigum kerfisins og tilkynningum fylgt eftir. Þar gæti Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála gegnt lykilhlutverki sem eftirlitsaðili, láti aðili það ógert að tilkynna mögulegt brot gegn barni. Viðurlög eru nú þegar til staðar, en ekki er vitað til þess að þau séu nýtt innan stofnana.

Til samtakanna Líf án ofbeldis leita mæður í forsjár- og umgengnismálum eftir stuðningi og ráðgjöf vegna heimilisofbeldis og/eða kynferðisbrota gegn þeim og/eða börnum af hálfu föður. Forsvarskonur samtakanna hafa því vitneskju um brotalamir á mörgum sviðum, en hér verða rakin örfá dæmi til rökstuðnings ofangreindum athugasemdum.

1. Í kvörtun brotaþola heimilisofbeldis til Umboðsmanns Alþingis frá árinu 2020 kemur fram að „sérfræðingur í málefnum barna“ sem fenginn var af sýslumanni til að rannsaka ásakanir um ofbeldi gegn börnum, hafi látið undir höfuð leggjast að tilkynna til barnaverndaryfirvalda vegna frásagnar barnanna af ofbeldi föður gegn þeim og hafi auk þess neitað að taka við gögnum sem styðja frásögn móður af heimilisofbeldi. Lífi án ofbeldis tekur heilshugar undir það sem fram kemur í kvörtuninni, að starfsmaður sýslumanns hafi við vinnslu umsagnar brotið alvarlega á börnunum með því að tilkynna ekki um ofbeldi til barnaverndaryfirvalda né lögreglu, en orðið ofbeldi og tengd orð eru talin upp 97 sinnum í greinargerð sýslumanns um viðtal við yngsta barnið. Sýslumaður brást með þeim hætti í málinu að þegar móðirin sjálf gerði barnaverndaryfirvöldum og lögreglu viðvart um stöðu mála, var það þeirra álit að móður og börnum væri ekki lengur vært á landinu vegna ofbeldishættu frá fyrrum maka móður. Úr varð að móðir og börn hlutu vernd og dulið heimilisfang í öðru landi, og bætast þau þá í hóp annarra fjölskyldna sem hafa þurft að gera slíkt hið sama, en verndina fengu þau ekki á Íslandi.
2. Í skýrslu Barnaverndarstofu frá árinu 2021, í öðru heimilisofbeldismáli, vegna kvörtunar um vinnslu barnaverndar í máli tveggja barna, kemur fram að fjölmargar tilkynningar hefðu borist yfir langt tímabil, meðal annars frá lögreglu, leikskóla og innan heilbrigðiskerfis þar sem fram komu áhyggjur af meintu ofbeldi föður. Barnaverndarstofa gerir alvarlegar athugasemdir við að barnavernd hafi ekki rannsakað áhyggjur af ofbeldi gegn börnunum. Staðfest var að móðir hafði leitað til Kvænnaathvarfs og Bjarkarhlíðar en einnig lágu fyrir vísbendingar í viðtölum sálfræðinga við börnin um að faðir hefði beitt ofbeldi. Þrátt fyrir þessar upplýsingar var niðurstaða barnaverndar að ekki væri staðfest að faðir hefði beitt ofbeldi og að vandi barnanna fælist fyrst og fremst í því að foreldrar ættu í illvígri umgengnisdeilu. Rannsókn lögreglu á málinu var látin niður falla en Barnaverndarstofa sá ástæðu til að minna barnavernd á, vegna málsins, að rannsókn

barnaverndarnefnda er aðskilin rannsókn lögreglu og barnaverndarnefnd ber að komast að sjálfstæðri niðurstöðu í hverju máli, þar sem fyrst og fremst er gengið út frá því að hagsmunir barna séu hafðir í forgrunni og allur vafi sé túlkaður þeim í hag. Þar sem barnavernd fjallaði ekki um ofbeldishættu gegn börnunum á grunni barnaverndarlaga var ekki um að ræða að ofbeldishætta fengi vægi í mati sýslumanns vegna umgengni né í mati dómara um forsjá á grunni barnalaga.

3. Börn sem alast upp á heimilum þar sem heimilisofbeldi á sér stað þjást af streitu og öðrum skaðlegum áhættuþáttum, svipað og þau sem alast upp á stríðshráðum svæðum. Eitt af úrræðum sem var illa nýtt í heimilisofbeldismálum áður en verklag lögreglu í þeim málum var innleitt, [voru lög um nálgunarbann og brottvísun af heimili](#). Nálgunarbanni verður aðeins beitt þegar ekki þykir sennilegt að friðhelgi brotþola verði vernduð með öðrum og vægari hætti. Í heimilisofbeldismáli þar sem gerandi sætti nálgunarbanni árið 2021 og var þá einnig ákærður fyrir að ógna lífi, heilsu og velferð fyrrum maka með endurteknu andlegu ofbeldi og umsáturseinelti auk þess að brjóta gegn barnaverndarlögum þegar hann veittist að henni í viðurvist lögreglu, þar sem hann hélt á barni þeirra, telur sýslumaður engu að síður tilefni til að úrskurða um umgengni barnsins við geranda, með fyrirkomulagi sem gengur beinlínis gegn nálgunarbanninu og tilgangi þess. Maðurinn var sakfelldur í héraði í ársbyrjun 2022. Líf án ofbeldis fær ekki séð hvernig markmið lögreglu um vernd brotþola í mikilli ofbeldishættu samræmast ákvörðun sýslumanns um að barnið sé sett í umgengni við geranda sem það óttast.

Það er áriðandi, í þeirri vinnu sem fyrir höndum er, að sérhver úrlausn yfirvalda í málefnum brotþola heimilisofbeldis byggji á reynslu þeirra af kerfinu svo að breytingar komi að gagni. Í svo viðkvæmum og umfangsmiklum málaflokki sem varða líf og heilsu fólks til framtíðar, þarf að vanda betur til verka.

Virðingarfyllst

f.h. stjórnar Lífs án ofbeldis

Sigrún Sif Jóelsdóttir

Gabríela Bryndís Ernudóttir

Jennie Maria Katarína Jónsson

Kolbrún Dögg Arnardóttir

